

## Fundargerð 154. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 20. maí 2021 kl. 11:00 á skrifstofu VM Stórhöfða 29 og í gegnum fjarfundarbúnað.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinsson, Einar Sveinn Kristjánsson, Samúel Ingvason, Sigurður Gunnar Benediktsson, Kristmundur Skarphéðinsson Andrés Bjarnason og Agnar Ólason.

Fjarfundur: Pétur Freyr Jónsson og Sigurður Jóhann Erlingsson

### Dagskrá :

- 1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 153.** Formaður setti fundinn. Fundargerð samþykkt með undirritun.
- 2. Skýrsla formanns.** Óvenjumikið hefur verið að gera frá síðasta stjórnarfundi. Fundir búnir að vera hjá sátta með SFS og einnig hafa verið fundir með SFS án sátta. Næsta skref er að reyna að þússa saman þessa fimm hópa, formaður er búinn að ræða við þá og líklega ætla allir að reyna að vinna saman. Næsti fundur hjá sátta er á miðvikudaginn kemur og þá verða þessi sjómannafélög að vera búnir að tala sig saman. Höfum verið að funda með IÐUNNI, búinn er að meta 3ja stigið á háskólastig. Varðandi breytingar á námi okkar manna þá viljum ekki útskrifa fagmenn sem eru ekki með fullgilda þjálfun, það þarf að vinna þetta allt betur. Það er orðið nokkuð öruggt að koma upp þessum rafrænu ferilbókum en hver á að sjá um það er ekki komið, þessi lög eiga að fara á vorþing en umræðan er bara ekki komin nógu langt. Verið er að vinna með ASÍ að nokkrum lögum, eitt af þeim eru lífeyrslögin. Það komu skriflegar athugasemdir frá ASÍ varðandi lög sem nokkur félög gátu ekki sætt sig við og það var lagað til. Starfskjaralög, það hefur verið rífast mikið um févítu þ.e. upphæðina á því. Við ásamt Félagi skipstjórnarmanna höfum verið að vinna að umsögn um Íslenska alþjóðlega skipaskrá. Einnig er verið að búa til ný áhafnarlögum, þar steypa þeir saman lögum um áhafnir allra skipa og ekki tekið tillit til okkar, talað er um að leggja niður mönnunar og undanþágunefnd og fela Samgöngustofu að sjá um mönnunar og undanþágumál. Búinn er að halda marga aðalfundi út um allt t.d. Gildi, fulltrúaráðfundur var haldinn hjá Birtu og á þessum fundum eru stjórnarmenn kosnir og svo kynntir á aðalfundi. Í gær var svo aðalfundur Birtu og nokkrir komu hingað til að sitja fundinn, fyrstu kosningar gengu ekki vel og voru endurteknar. Það er líka búinn að vera aðalfundur hjá Sjómannadagsráði og þar var meðal annars rætt um heiðranir á sjómannadaginn. Samráðsfundur var vegna veiða á Bláuggatúnfiski, boðun á hann kom frá Sjávarútvegsráðuneytinu. Fyrsti fundurinn var í gær. Þar var meðal annars rætt hvort bjóða ætti erlendum skipum að koma og veiða kvótann fyrst við erum ekki að nýta hann. Að lokum sagði formaður frá því að honum hafi verið boðið á morgunverðarfund hjá Framsóknarflokknum á Selfossi síðastliðinn laugardag til að ræða vinnutímastyttingu.
- 3. Niðurstöður aðalfundar.** Formaður spurði hvort allir hafi lesið póstinn sem varamaður í stjórn sendi og menn höfðu gert það. Formaður sýndi lög félagsins og sagðist hafa borið þau undir lögmenntil til að ath hvort rafræn atkvæðagreiðsla sé lögleg og þeir sögðu það vera. Formaður

fór síðan yfir spurningar úr póstinu Formaður sýndi tillögu um framlag félagssjóðs til orlofsjóðs frá árinu 2016 vegna þess sem samþykkt var á aðalfundi núna, þ.e. að byggja fleiri hús á Laugarvatni. Í skjalinu kemur fram að þessi tillaga sé vegna stefnu fulltrúaráðs um uppbyggingu á Laugarvatni. Hann sýndi líka úr fundargerð frá árinu 2013 og í fyrra skjalinu er vitnað í þetta skjal. Fulltrúaráðið samþykkti að byggja amk 10 hús á Laugarvatni og búið er að byggja 4. Það sem við þurfum að gera núna er að fara í kannanir og útboð. t.d að kanna hvort við eigum teikningarnar frá því síðast. Menn eru líka búnir að benda á að kaupa þetta tilbúið og flytja á staðinn eða kaupa einingahús sem sett eru saman á staðnum. Bent var á að það væri mun hagstæðara að kaupa tilbúin hús og flytja á staðinn. Passa þarf að byggingarstjórinn verði óháður verktakanum. Formaður sagði frá því að búið væri ræða óformlega við einn aðila um eftirlit. Síðan sýndi formaður stjórnarmönnum yfirlýsingu frá Advania vegna kosningarinnar á aðalfundinum. Í henni segir að ekki hafi verið hægt að kalla fram niðurstöðu úr fyrri kosningunni og því hafi kosning verið endurtekin. Jafn margir tóku þátt í báðum kosningum.

#### 4. Varamaður í stjórn óskaði eftir að 3 erindi yrðu tekin fyrir á fundinum

##### Erindi 1.

Ég fer fram á það sé upplýst fyrir stjórn hverjir voru með kosningarrétt á þessum aðalfundi 2021.( listi yfir hverjir sátu/tengdir á fundinum ) **Svar stjórnar:** ekki heimilt vegna persónuverndarlaga.

##### Erindi 2.

Ef kosningin er lögleg tel ég að fyrsta kosningin sé sú rétta ekki megi kjósa aftur og aftur um sama mál á sama aðalfundi.p.s. það nægir ekki hjá Formanni að segja að lögfræðingur segi þetta í lagi svona.. nema það sé skriflegt og þá er lögfræðingurinn ábyrgur fyrir því sem hann skrifar. **Svar stjórnar:** Lögfræðingurinn sem samþykkti að kjósa aftur var fundarstóri fundarins, einnig að sýna svar frá Advania vegna kosningarinnar.

##### Erindi 3.

Hvenær telst aðalfundur löglegur t.d. nægir að 1% félagsmanna mæti á fundinn? Eða kannski 10 manns? Eða bara starfsmenn skrifstofu VM mæti? Ég veit til þess að menn sem ekki voru með tæknimálin í lagi gátu ekki setið síðasta fjar- aðalfund og auðvita ekki kosið um neitt. **Svar stjórnar:** Aðalfundur er löglegur þegar löglega er til hans boðað.

Formanni var falið að senda svörin en senda fyrst á stjórn til endanlegrar samþykktar

#### 5. **Haustþing 2021.** Formaður kynnti tvær tillögur að stað og tíma til að halda haustþing. Annars vegar 17. – 19. sept. á B59 hótél í Borgarnesi og hins vegar á Hótél Örk 8. – 10. okt. Samþykkt var að vera frekar með þingið 8. – 10. okt.

#### 6. **Lagt fram til upplýsingar.** – ekkert var undir þessum lið.

## 7. Önnur mál.

Verðskrá til kynningar. Á síðasta fundi orlofsnefndar var rætt um verðskrá á tjaldsvæði þ.e. einföldun hennar. Nóttin verður þá á 2.200 kr. sama hvaða nótt er og hægt að vera bara 1 nótt. Annað sem ákveðið var á fundinum var að fjölga hundasvæðum hundar nú leyfið á efra og neðra svæði. Rætt var um að það þyrfti að taka fram á bókunarsíðu að þegar menn bóka bara eina nótt þá sé ekki öruggt að þeir geti framlengt á sama stæði.

Heiðranir á sjómannadaginn. Formaður sýndi tillögur að heiðrunum Sjómannadagsráðs á sjómannadaginn. Tillögur um að heiðra Jón Bjarnason og Pétur Borgarson, samþykkt af stjórn. Rætt var um að skoða fyrir næsta ár að heiðra fyrir vestan. Vaðandi Neistann þá samþykkti stjórn að Sævar Guðmundsson, fái Neistann að þessu sinni.

Fundi slitið 14:38